

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jónu Kristínar 80 Magnúsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. 23. maí maí 1960.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs Jónu Kristínar Magnúsdóttur.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jónu Kristínar Magnúsdóttur.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af foreldrum hinnar látnu, og er stofnfé hans kr. 4000 — fjögur þúsund krónur —. Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

#### 3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla æskulýðsstarfsemi við Ólafsfjarðarkirkju.

#### 4. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með sölu heillaóskaskeyta, svo og gjöfum og áheitum, enn fremur með útgáfu minningarspjalda, er leggjast skulu við höfuðstólinn.

#### 5. gr.

Úr sjóðnum skal veita ár hvert á afmælisdegi hinnar látnu, hinn 28. nóvember. Skulu þá veittir vextir og hluti af innkomnum tekjum, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Sóknarprestur Ólafsfjarðarkirkju skal vera sjálfkjörinn formaður. Sóknarnefnd Ólafsfjarðarkirkju skipar einn mann og gefendur sjóðsins einn.

#### 7. gr.

Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar eru allar ákvarðanir sjóðsstjórnar um styrkveitingar og annað varðandi sjóðinn, m. a. reikninga hans, og skal skipulagsskrá sjóðsins færast fremst í hana.

#### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu endurskoðendur kosnir af stjórn sjóðsins.

#### 9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Ólafsfirði, 31. marz 1960.

**Magnús Stefánsson. Helga Eðvaldsdóttir.**